

Nd.

1. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, er greiðist upp þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt fyrirætlum 28. gr. stjórnarskrárinnar og vísast til fylgiskjalsins um ástæður fyrir því.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur ljáð mér, að í samræmi við stefnuskrá ríkisstjórnarinnar hafi hún látið fram fara athugun á kaupum nýrra togara til landsins, til viðbótar þeim togurum, sem áður hefur verið samið um smíði á. Athuganir þessar hafa sýnt, að öruggasta leiðin til þess að fá togara byggða erlendis fljótt og með hagkvæmum kjörum sé, að ríkisstjórnin gerist aðili að væntanlegum samningum um togarasmíðina.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, gef ég út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, er greiðist upp þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.